



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADÉILD



### FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 19.11.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadéild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Sóttvarnalækni.

#### Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

#### Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með líkum hætti og undanfarnar tvær vikur. Hraun flæðir enn úr hrauntjörninni í gígnum til austsuðausturs.
- Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn mikil. Tveir stærstu skjálftarnir frá hádegi á mánudag mældust báðir M4,6 sá fyrri á þriðjudaginn, 18. nóvember, kl. 18:21 og sá síðari í nótt, 19. nóvember, kl. 00:29. Alls mældust 16 skjálftar stærri en M4,0 og 51 skjálfti á milli M3,0-3,9. Alls mældust um 200 skjálftar við Bárðarbungu frá hádegi á mánudag.
- Um 25 smærri skjálftar mældust við bergganginn og gosstöðvarnar í Holuhrauni. Allir skjálftarnir voru minni en M1,6.
- Sigið í öskju Bárðarbungu er svipað og verið hefur undanfarnar vikur.
- Loftgæði:
  - Í dag (miðvikudag) og á morgun (fimmtudag) má búast við gasmengun norður af gosstöðvunum í Holuhrauni.
  - Tvennskonar tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirkt [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeysla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
  - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is) Þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:
  - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
  - Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá [Umhverfisstofnun](#) og [Embætti landlæknis](#), m.a. töflu um [rétt viðbrögð](#).
  - Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið [gos@ust.is](mailto:gos@ust.is). Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Þrír möguleikar eru áfram taldir líklegastir um framvindu:
  - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.  
Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur vísindamannaráðs verður föstudaginn 21. nóvember.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) [www.avd.is](http://www.avd.is) Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)